

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Sveitarfélagið, Kjósarhreppur, annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis.

Hreppsnefnd sér til þess, í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga og reglna.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

###### 2. gr.

Kjósarhreppur annast sorphreinsun frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem sjá um meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

###### 3. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsimenn. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílatum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

###### 4. gr.

Kjósarhreppur skal leggja íbúðum og sumarhúsaahverfum til sorpílát undir venjulegan heimilisúrgang.

###### 5. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Aðilum sem sjá um sorphreinsun ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á sérstaka losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttöku-  
staði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla  
úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum  
sveitarfélagsins.

#### 6. gr.

Hirða heimilissorps skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af  
hreppsnefnd.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt  
áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í viðeigandi  
gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

#### 7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um hreinsun framleiðsluúrgangs. Frágangur og  
umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við  
fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í  
samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

## II. KAFLI

### Gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs.

#### 8. gr.

Hreppsnefnd skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11.  
gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorp-  
hirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11.  
gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæð-  
um 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðis-  
nefndar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur  
þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuúláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan  
eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrir-  
tækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. rúmmáli og/eða þyngd úrgangs, gerð  
úrgangs, losunartíðni, frágangi úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Gjöld mega  
aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úr-  
gangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum  
þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að leggja á sorpgjald á öll heimili, sumarhús og rekstraráðila.  
Leitast skal við að skipting gjaldsins taki mið af raunverulegum útgjöldum sveitarsjóðs hvers  
flokks fyrir sig. Þá er sveitarstjórn heimilt að leggja á grunn gjald á alla flokka til að standa  
undir sameiginlegum kostnaði.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa  
til þessarar samþykktar.

Sveitarstjórn skal haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji til að draga  
úr sorpmagni sem fer til urðunar og leiði til lækkaðs kostnaðar.

III. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

## 9. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við skrifstofu Kjósarhrepps. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

## 10. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almenntri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði og verða slík erindi afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd.

## 11. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 12. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Kjósarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 2007.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*